

Afreksstefna Skotíþróttasambands Íslands

Forsaga :

Skotíþróttir hafa verið stundaðar skipulega á Íslandi frá árinu 1867 þegar Skotfélag Reykjavíkur var stofnað.

Á síðustu áratugum hafa margsinnis komið hingað til lands skotþjálfarar í hinum ýmsu skotgreinum og skotmenn farið utan til æfinga. Erlendur þjálfari var svo ráðinn árið 1997 til að sinna uppbyggingu haglabyssuskotfímminar og reyndist hann afar vel tæknilega en varð skothreyfingunni ákaflega dýr. Meðan ekki er úr meira fjármagni að spila en raun ber vitni, verður ekki farið útí ráðningu þjálfara að nýju á þeim forsendum.

Staðan í dag:

Enginn þjálfari er með samning við STÍ í dag. Markmið stjórnarinnar er að innlendir aðilar sem menntað hafa sig til þjálfunar verði fengnir til að taka landsliðsfolk okkar til þjálfunar fyrir stóra viðburði. Ennfremur að fleiri afli sér þjálfaramenntunar sem nýtast mun innlendum skotmönnum á næstu árum og áratugum.

Aðstaða:

Með tilkomu nýrra skotvalla Skotfélags Reykjavíkur bæði á Álfsnesi fyrir utanhússkotfímína og innanhúss í Egilshöllinni mun aðstaða fyrir landsliðsæfingar batna gríðarlega en þar munu reglulegar æfingar geta staðið yfir þrátt fyrir æfinga annarra þar sem svæðin eru það stór að þau taka við þeim fjölda sem sækir á skotvelli á höfuðborgarsvæðinu.

Aðstaða til íþróttaskotfími er í sautján bæjarfélögum á landinu, þar af eru fjórtán undir hatti STÍ og tvö til viðbótar væntanleg. Gæði þessara skotvalla eru misjöfn og eru sumir vellir eingöngu fyrir eina tegund skotfími en aðrir fyrir fleiri.

Haglagreinar:

SKEET: 10 skotvellir

TRAP: 1 skotvöllur

DOUBLE TRAP: 1 skotvöllur

ABT: 3 skotvellir

Riffil og Skammbysugreinar:

Riffil og Skammbysa úti: 2 Skotvellir.

Riffill og Skammbysa inni: 3 skotvöllur.

Loftriffill og loftskammbysa: 5 skotvellir.

Útbreiðsla:

Samkvæmt síðustu starfskýrslum ÍSÍ eru í dag 14 aðildarfélög eða deildir með skráða 1485 iðkendur. Má segja að sú starfsemi sé vítt og breitt um landið þó fjöldinn sé mestur á höfuðborgarsvæðinu.

Styrkleiki/ veikleiki:

Styrkur íþróttaskotfimi á Íslandi er mjög mismunandi eftir hvaða greinar er um að ræða, en almennt er sá mikli áhugi sem Íslendingar hafa jafnan sýnt allri skotfimi og sú hefð sem íþróttin byggir á hér á landi okkur mikilsverður, einnig sú staðreynd að brottfall er mjög lítið miðað við aðrar íþróttagreinar og hve langt fram eftir aldri hægt er að vera í fremstu röð sem keppandi í íþróttinni.

Veikleikar eru einnig mismunandi eftir greinum, en almennt má segja að fjárskortur sé okkar helsti baggi. Einnig má nefna að veðurfar á Íslandi gerir okkur erfitt fyrir í flestum greinum.

Tækifæri/ ógnanir:

Okkar helstu tækifæri eru tengd uppbyggingu á unglingsstarfi, það var fyrst árið 1999 að með nýjum vopnalögum var okkur gert mögulegt að hefja unglingsstarf, og með þeirri uppbyggingu sem við höfum hafið í þjálfaramenntun munu þessir tveir þættir koma til með að skipta okkur mestu í framtíðinni.

Okkar helstu ógnanir eru þekkingarleysi á íþrótt okkar og sinnuleysi sumra bæjarfélaga gagnvart aðstöðu skotiþróttafélaga. Þá er löggjöf um skotvopn einnig þröskuldur en þar eru íþróttinni settar hindranir sem eru í hróplegu ósamræmi við það sem víðast þekkist í heiminum.

Hvað er í boði hér heima/ hvað sækjum við erlendis:

Hér heima höfum við skotvelli í flestum þeim greinum sem eru undir merkjum STÍ, allar venjulegar æfingar er hægt að stunda þar til keppandi nær landsliðsgetu.

Þekking til þjálfunar og kennslu er til staðar fyrir byrjendur og millistig og mótahald undir merkjum STÍ og aðildarfélaga sinnir flestum þörfum hins almenna skotiþróttamanns.

Þeir þættir sem sækja verður til útlanda eru þjálfun og kennsla okkar betri skotmanna, menntun þjálfara og dómara og keppni á sterkari skotmótum. Einnig er nauðsynlegt fyrir þá af okkar bestu skotmönnum sem keppa í útigreinum að æfa erlendis yfir vetrarmánuðina vegna veðurfars á Íslandi.

Afrek:

Skilgreining STÍ á afreki:

Allar viðmiðanir tengjast þeim árangri og þeim mótum sem eru viðurkennd af Alþjóða skotsambandinu “ ISSF ” .

Á undanförunum árum hefur það verið talið afrek að ná því skori sem er Ólympíulágmark “MQS“ í hverri skotgrein á mótum hérlendis, og gildir þessi árangur til meistaraflokks í flokkakerfi STÍ. Árangur á mótum hérlendis þar sem álag á skotmanninn er minna en á fjölþjóðamótum krefst herra skors til þess að teljast afrek og má segja að þau sömu skor og myndu duga til þáttöku í úrslitum á mótum ISSF teljist afrek skoruð hérlendis.

Sá árangur sem við teljum vera afrek á erlendum vettvangi er að ná MQS árangri þ.e. Ólympíulágmarki á einu af þeim mótum sem gefa rétt til þáttöku á Ólympíuleikum. Þess má geta að það kerfi sem er notað af ISSF til ákvörðunar á þáttöku á Ólympíuleikum er að um helmingur keppenda í hverri grein (yfirleitt 20 – 25 keppendur) vinna sér “ quota place” með því að ná tilsettum árangri (yfirleitt verðlaunasæti) á mótum ISSF, ári fyrir Ólympíuleika . Þessi árangur veitir öruggan rétt til þáttöku á leikunum. Síðan er valinn sambærilegur fjöldi

skotmanna úr þeim hópi sem náð hefur MQS. Þessu lágmarki er hægt að ná á öllum álfu, heimsbikar og heimsmeistaramótum ISSF milli leika, 6-7 mót á ári hverju.

Allur árangur í skotfimi er tengdur skori og nálgun á ákveðnu fullnaðarskori þ.e. 100% hittni. Mikill munur er á stigagjöf skotgreina eftir því hve mörgum skotum er skotið og hvort skotið er á pappaskífu, leirskífu eða þær ýmsu reglur sem snúa að þeim tíma sem skotmaðurinn hefur til umráða, útbúnaði skotmanns og umhverfi.

Þrátt fyrir að STÍ noti aðallega skor íþróttamanna til ákvörðunar á þáttöku skotmanna á erlendum mótum og við val á landsliðsmönnum og að sjálfsögðu til meta, munum við að þessu sinni ekki telja ákveðin skor hér heima til afreka nema að þau séu Íslandsmet.

Gagnvart árangri á erlendum mótum teljum við það afrek að ná 30. sæti eða ofar á fyrrgreindum mótum ISSF og verðlaunasæti á öðrum viðurkenndum mótum.

Markmið:

Almennt markmið:

Að byggja upp hóp skotiþróttamanna sem vinna til verðlauna á alþjóðlegum stórmótum.

Langtímamarkmið:

Afreksstefna verður að vera í stöðugri endurskoðun. Hjá STÍ stefnum við á þáttöku á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og að eiga sterka keppendur í a.m.k einni efftirtalinna greina Skeet, Loftskammbyssu eða Loftrifflí á þeim leikum.

Afangamarkmið:

Þáttaka í þeim mótum sem telja til lágmarka fyrir Ólympíuleika og góðum æfinga og keppnisáætlunum sem skila okkur framförum í íþróttinni og nær langtímamarkmiði.

Hverjir koma að afreksstefnu STÍ.

Íþróttin:
Stjórn

Landsliðsnefnd

Fagteymi ----- Landsliðsþjálfarar

Skotiþróttamenn

Stuðningur:

ÍSÍ

Íþróttafélögin

Aðstandendur

Styrktaraðilar

Bæjarfélög

Framkvæmd:

Staðan í dag:

Skeet (ÓL-grein):

Landslið okkar í Skeet er þunnskipað sem stendur vegna mikillar uppstokkunar í starfsemi sambandsins. Þó eru skotmenn við æfingar innan sinna félaga og stefna hátt. Markmiðið er að tveir komist á Smáþjóðaleika en á stærri mótin verða ekki sendir skotmenn nema til komi verulega góður árangur á okkar mælikvarða.

Landsliðshópur samanstendur af 3 til 9 skotmönnum en til að ná inn í þann hóp þarf að ná tilskildum árangri á ákveðnum mótum. Lið í skotfimi miðast við þrjá keppendur og er hópnun skipt í A og B lið eftir getu hverju sinni.

Unglingastarf er á byrjunarreit vegna nýlegra breytinga á Vopnalögum en við síðustu breytingar þeirra er okkur gert kleift að hefja æfingar hjá unglingum við 15 ára aldur.

Það sem háir okkur mest eru fjármálin. Vandað afreksstarf er mjög dýrt. Ef við fáum réttlátan stuðning frá þeim aðilum er standa að íþróttamálum í samræmi við það starf og þann metnað sem íþróttamenn okkar og STÍ hafa lagt í verkefnið höfum við ekki áhyggjur.

Loftskammbýssa (ÓL-grein):

Síðustu tíu árin höfum við átt mjög frambærilega keppendur í loftskammbýssu.

Skotmenn sem hafa keppt með ágætum árangri á mótum erlendis og unnið til verðlauna á Smáþjóðaleikum og Eyjaleikum.

Það má segja að skotfimi í loftgreinum henti vel á Íslandi, þar sem skotið er inni á 10 m. færi og hægt er að stilla stærð aðstöðu eftir fjölda iðkenda á hverjum stað.

Fjöldi iðkenda eykst með hverju ári og er víst að þessi grein á mikla framtíð fyrir sér. Við erum í stakk búin að kenna og þjálfra skotmenn á byrjenda- og millistigi.

Unglingastarf er í burðarliðnum en þegar hefur einn unglingur náð 1.flokks árangri og gefur það vonir um að framtíðin sé björt. Þetta er grein sem kostar hvað minnst að stunda og því hentar hún fleirum en nokkur önnur skotgrein.

50 m. riffill, liggjandi (ÓL –grein):

Grein sem á sér langa hefð á Íslandi og hefur skilað okkur bestum árangri á erlendri grund. Aðstaða er reyndar ekki góð nema í Kópavogi og í Reykjavík.

Loftriffill (ÓL-grein):

Grein sem er æfð við sömu aðstæður og loftskammbýssa.

Loftriffill er yngsta keppnisgreinin hérlendis en stöðug aukning er fyrirsjáanleg á næstu árum. Þegar hefur ein kona hafið æfingar af fullri alvöru í greininni og hefur hún náð afar góðum árangri strax á sínu öðru ári í greininni, sambærilegum við Olympíulágmark á mótum í vor og reyndar náði sama kona sama árangri í loftskammbýssu að auki en það er afar sjaldgæft.

Frjáls skammbýssa (ÓL-grein):

Þessi grein hefur verið talin toppurinn á skotfiminni. Hún hefur verið með á Ólympíuleikum frá upphafi. Áhugi á greininni hefur aukist með aukningu í loftskammbýssu, þar sem þetta eru skyldar greinar. Yfirleitt eru það sömu skotmenn sem skjóta loftskammbýssu sem þessa grein stunda.

Skor eru ekki há, en ef skotmenn fara að bæta árangur sinn munum við fylgja því eftir.

Gróf skammbýssa / Sport skammbýssa (ÓL-grein):

Greinar sem eru töluvert skotnar héraendis en eiginlegar æfingar á landsliðsmælikvarða eru ekki stundaðar. Ef einhver kona nær árangri í sportskammbýssu (sem er eingöngu kvennagrein) munum við leggja kraft í hana en að öðru leyti er ekki áhersla á afreksstarf í kringum þessar greinar.

Stöðluð skammbýssa:

Vinsæl skotgrein þar sem árangur er í meðallagi og við höfum lítið keppt í á erlendri grund.

Þar sem þessi grein er ekki Ólympíugrein munum við ekki leggja áherslu á afreksstarf.

Þríbraut (ÓL-grein):

Hefðbundin Ólympísk ríffilgrein sem er ekki mikið stunduð hér á landi.

Keppt einungis á Íslandsmóti.

Af framangreindum skotgreinum er einungis til lögleg aðstaða í Skeet, loftskammbýssu og loftríffli. Hvað varðar iðkun á hinum greinum háir aðstöðuleysi framgangi þeirra. Það mun þó breytast með tilkomu nýs æfingasvæðis Skotfélags Reykjavíkur.

Uppbygging:

Öll uppbygging og grasrótastarfsemi í íþróttaskotfimi er frábrugðin öðrum íþróttum hér á landi, þar sem skotmenn hafa ekki getað byrjað að stunda íþrótt sína af fullri alvöru fyrr en um tvítugt vegna ákvæða í íslenskum lögum. Þessi mismunun gagnvart öðrum löndum hefur gert okkur ókleyft að vera með unglingsstarf og byggja upp íþróttamenn á þeim aldri sem þeir eru sem móttækilegastir. Það er fyrst nú með breyttum lögum frá 1999 og svo aftur 2003 að við getum byrjað kennslu frá fimmtán ára aldri í flestum greinum.

Það sem er okkur til happs er að kjör- keppnisaldur er hár miðað við aðrar greinar.

STÍ hefur nú hafið unglingsstarf sem miðast við unglinga frá fimmtán ára aldri og er á dagskrá að halda námskeið til kynningar skotíþróttunum fyrir þá.

Áætlanir:

Fyrir hvert keppnistímabil (ágúst til maí í kúlugreinum og janúar til september í haglagreinum) er gerð áætlun um æfingar og ferðir landsliða og kostnaðaráætlun þar að lútandi. Framkvæmdastjóri í samráði við þjálfara og stjórn, leggur upp áætlun sem fylgja skal í upphafi keppnistímabils og fylgist með reglulega að ekki sé farið útfyrir þann ramma sem settur er.

Markmið ársins 2005 hafa verið sett fram og eru þau þessi :

Haglagreinar, Skeet:

Smáþjóðleikar í Andorra

Evrópumót í athugun

Lofskammbýssa:

Smáþjóðleikar í Andorra

Evrópumót í athugun

Loftrifill:

Smáþjóðleikar í Andorra

Stefnt er að senda einn til fjóra keppendur á hvert þessara móta.

Áætlaður kostnaður.

Skeet:

Kostnaður vegna þjálfara:	250.000.- kr.
Kostnaður vegna landsliðs:	250.000.- kr.
Annar kostnaður:	250.000.- kr.
Samtals:	750.000.- kr.

Lofskammbýssa:

Kostnaður vegna þjálfara:	250.000.- kr.
Kostnaður vegna landsliðs:	250.000.- kr.
Annar kostnaður:	250.000.- kr.
Samtals:	750.000.- kr.

Áætlaður kostnaður fram til ársins 2008:

Heildarkostnaður ársins 2005:	1.500.000.- kr.
Heildarkostnaður ársins 2006:	1.500.000.- kr.
Heildarkostnaður ársins 2007:	2.000.000.- kr.
Heildarkostnaður ársins 2008:	3.000.000.- kr.

Kostnaður skotíþróttamanna:

Áætlaður kostnaður íþróttamanns á ári :

Skeet.....500.000.- kr.

Loftskammbýssa.....100.000.- kr.

Framkvæmd:

Stjórn STÍ hefur umsjón með allri framkvæmd afreksstefnu og vinnur í samráði við framkvæmdastjóra og landsliðsþjálfara. Framkvæmdin sjálf er í höndum framkvæmdastjóra og þjálfara sem skila skýrslum til stjórnar. Stefnan er endurskoðuð árlega og lögð fram á skotþingi til umsagnar.

Niðurlag:

Hugur skotmanna stefnir fram á við, en allar okkar væntingar byggja á þeirri staðreynd að kostnaður við afreksstarf er mikill og fjármögnun erfið. Þær upphæðir sem Skotsambandið hefur til umráða eru litlar og frekara fjármagn þarf nauðsynlega að koma til.

Aðstaða til iðkunar skotíþróttta skiptir sköpum við framkvæmd afreksstefnu og ríkir nú óvissa um aðstöðu útigreina á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Uppbygging á nýju skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur er hafin og binda menn miklar vonir við það svæði því á því byggist allt skotíþróttastarf í landinu. Einnig hefur aðstaða þess félags til iðkunar innigreina verið opnuð í Egilshöllinni í Grafarvogi. Þessi svæði munu gera okkur kleift að halda hér stórmót á alþjóðlegan mælikvarða og að því munum við stefna.

Sterk afreksstefna skilar sér út í grasrótina þar sem skotmenn fá markmið til að keppa að og almennur áhugi á íþróttinni eykst með umfjöllun um afrek. Fjármagn og aðstaða eru þeir höfuðþættir sem munu segja til um framgang afreksstefnu, og verður hún endurskoðuð að ári með tilliti til framkvæmdar þessa árs, og árangurs og stöðu hvernar skotgreinar fyrir sig.

Stjórn Skotíþróttasambands Íslands
Desember 2004